Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
26 APR. 2017
Byggingarfulltrúi




ÞVERSNIÐ




AFSTÖÐUMYND 1 / 1000

## Byggingarlýsing

Lóð:
Heiti: Þrastahólar 18, Grímsnesi
Landnúmer: 205948, Greinitala: 8719-01-2470 0180
Lóðarstærð: 7.804m2 Nýtingarhlutfall: 0,016

Húsgerð:
Sumarhús ásamt sérstæðri geymslu. Sökklar og botnplötur eru steinsteyptar. Útveggir eru úr timbri. Burðarvirki þaks eru límtrébitar og berandi milliveggir, ásamt útveggjum. Mænisstefna (stofu) er 215° (þ.e. 35° fyrir vestan suður).

Stærðir:

| | Aðalhús | Geymsluhús | Samtals |
|---|---|---|---|
| Birt flatarmál: | 95,5 m2 | 27,2 m2 | 122,7 m2 |
| Brúttórúmmál: | 303,5 m3 | 78,6 m3 | 382,1 m3 |

Undirstöður og gólf:
Undirstöður eru steyptir sökklar á fyllingu. Gólfplata er steinsteypt á fyllingu. Einangrun 125mm steinull. Gólfklæðning er parkett. U-gildi gólfs er 0,22 w/m2°C. Kuldabrú við útvegg er slitin (a.m.k. 75%)

Útveggir:
Grindur útveggja eru 45x145mm timburstoðir. Einangrun er 145mm steinull, þvínæst 0,2mm plastdúkur og lagnagrind. Innsta klæðning útveggja eru gipsplötur. Utan á grind er 12mm vatnsheldur krossviður, 22mm loftbil og yst er báruð málmklæðning og timburklæðning. U-gildi timburútveggja er 0,22 w/m2°C. Gluggar eru úr timbri. Tvöfallt háeinangrandi gler er í gluggum. U-gildi glugga er 1,3 w/m2°C.

Innveggir:
Berandi innveggir eru úr 45x95mm stoðum, aðrir milliveggir eru 45x70mm. Einangrun er 50mm steinull. Klæðning innveggja er 13mm málaðar gipsplötur.

Þak:
Þakhalli er 1:2 (26,56°). Þaksperrur eru 45x220mm. c/c 600mm. Einangrun þaks er 200mm Þakull með vindvörn. Að innan er 0,2mm plastdúkur, raflagnagrind og 12mm panelklæðning. Að ofan er borðaklæðning klædd tjörupappa. Ysta klæðning þaks er bárujárn. U-gildi þaks er 0,15 w/m2°C

Lagnir, upphitun og heildarleiðnitap:
Rotþró verður í norður horni byggingarreits. Stærð rotþróar skal vera a.m.k. 2.600 lítrar. Frárennslislagnir skolps (salerni, eldhúsvaskur) tengjast rotþró. Aðrar frárennslislagnir (þakvatn og grávatn) fara í grjótpúkk undir bílastæði. Upphitun er hitaveita með gólfhitalögnum. Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum. Inntök hitaveitu, rafmagns og neysluvatns eru í geymsluhúsi.
Heildarleiðnitap hússins er 1,5 w/m2°C, en 1,52 w/m2°C skv. hámarks U-gildum í byggingareglugerð (töflu 13.01)

Brunavarnir og öryggi:
Burðarveggir skulu vera REI30. Loft og veggfletir skulu vera a.m.k. í flokki 2. Utanhússklæðning skal vera í flokki 2. Björgunarop eru úr öllum svefnherbergjum. Koma skal fyrir reykskynjurum og handslökkvitæki í húsinu skv. teikningum. Sjúkrakassi skal vera í húsinu. Útiljós er við aðalinngang.

hagtækni
tækniþjónusta
Refsholti 7, Skorradal
sími 861 7252

| | |
|---|---|
| VERK: Þrastahólar 18, Grímsnes | VERK.NR. 351 |
| TEIKNING: Sumarbústaður Þversnið 1/100 Afstaða 1/1000 | TEIKN.NR. 103 2088 |
| DAGS. 26. apríl 2017 | BREYTT |
| HÖNNUÐUR Ingólfur Margeirsson 070252-3099 | UNDIRRITUN |